

vera. Réttur Verksmiðjufélags Akureyrar »til truflunarlausra afnota af öllu vatnsafli í Glerá, þar sem félagið hefir virkjað hana«, viðurkennist. Bæjarstjórn Akureyrar greiði vegna Akureyrarbæjar, Verksmiðjufélagi Akureyrar skaðabætur fyrir tjón félagsins vegna truflana á vatnsrennsli Glerár af völdum rafveitu Akureyrar eftir mati tveggja dómkvaddra manna — þó ekki yfir kr. 12000.00 — að geymdum rétti aðilja til að krefjast yfirmats samkv. þar að lútandi ákvæðum laga nr. 15 frá 1923. Ennfremur greiði bæjarstjórn Akureyrar vegna Akureyrarbæjar, Verksmiðjufélagi Akureyrar kr. 50 — fimmtíu krónur — í málskostnað.

Miðvikudaginn 12. júní 1929.

Nr. 43/1928. **K. Meyer, f. h. Deutsche Dampffischer-eigesellschaft „Nordsee“** (L. Jóhannesson)
gegn

Sigfúsi Blöndahl (Lárus Fjeldsted).

Skuldakrafa.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 3. dezbr. 1927: Framangreind kyrsetningargjörð staðfestist.

Stefndur, K. Meyer, f. h. firmans Deutsche Dampffischereigesellschaft »Nordsee«, Nordenham, greiði stefnandanum, Sigfúsi Blöndahl, aðalkonsúl, kr. 13643.76, auk þess greiði stefndur, f. h. sama firma, stefnandanum 6 % ársvexti af kr. 41884.21 frá 1. júlí 1925 til 14. dezember s. á. og af kr. 13643.76 frá 14. dezember 1925 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu, sem skotið hefir verið til hæstaréttar með stefnu, dags. 20. júlí f. á., að fengnu áfrýjunarleyfi, útgefnu 10. s. m., hefir áfrýjandi krafizt þess, að hinum áfrýjaða sjóréttardómi verði breytt þannig, að dómsupphæðin, kr. 13643.76, verði færð niður um

samtals kr. 12521.77, þannig, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 1121.99 ásamt 6 % ársvöxtum af kr. 28996.63 frá $\frac{1}{7}$ — $\frac{14}{12}$ 1925 og 6 % vöxtum af kr. 1121.99 frá $\frac{14}{12}$ 1925 til greiðsludags; svo krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir sjóðómi og hæstarétti.

Niðurfærslukröfu sína hefir áfrýjandi sundurliðað þannig:

1. Niðurfærsla á kolaverði	kr. 2445.93
2. Niðurfærsla á saltverði	— 613.85
3. Flutningur á kolum falli niður	— 87.00
4. Fyrirframgreiðslur til háseta, er stefndi hafi vanrækt að draga frá kaupum þeirra	— 1117.92
5. Helmingur af lifrarpremiu	— 7215.00
6. Ofhátt reiknuð ómakslaun	— 1042.07

Samtals kr. 12521.77

Ad. 1. Niðurfærslu á kolaverðinu rökstyður áfrýjandi með því, að hvert tonn af kolum sé talið á 70 kr. í stað þess, að kol hafi á þeim tíma verið faanleg hér í bænum á 65 kr. tonnið, en af ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, þykja ekki færðar nægar ástæður til frekari niðurfærslu á þessum lið en gjörðar eru í dóminum, og verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Ad. 2. Stefndi hefir selt áfrýjanda, alls 122.77 tonn af salti á 58 kr., og krefst áfrýjandi, að saltverðið verði fært niður um 5 kr. á tonni. Í bréfi, dags. 5. þ. m., sem lagt hefir verið fram hér í réttinum, hefir verzlunarráð Íslands lýst því yfir, að almennt gangverð á lbizasalti, vetrar- og vorvertiðina 1925, hafi verið kr. 55.00 pr. 1000 kilo fob, en þar af gefinn 2 kr. afsláttur á tonni, þegar saltreikningurinn var

gjörður upp og andvirðið greitt, en þar sem hér var eigi um kontant greiðslu að ræða frá áfrýjanda hendi, þykir eigi ástæða til að færa saltverðið niður um meira en 3 kr. pr. tonn. Þessi liður tekst þannig til greina með kr. 368.31.

Ad 3. Aukaborgun fyrir afhendingu á kolum að næturlagi þykir ekki ósanngjörn, og verða þessar 87 kr. því ekki felldar niður.

Ad 4. Með því að það er eigi sannað gegn eindreginni neitun stefnda, að tilkynning um fyrirfram greiðslur þessar hafi verið komin til hans hinn 22. maí, er sjómennirnir voru skráðir úr skiprúmi, verður hann ekki dæmdur til að svara til þessarar upphæðar.

Ad. 5. Það er viðurkennt í málinu, að hinir íslenzku hásetar hafi verið ráðnir á skip áfrýjanda með þeim kjörum, að þeir, auk hins fasta kaups, hafi átt að fá alla lifrarpeninga til jafnra skifta og að þeim hafi verið greidd þessi lifrarpremía með 30 kr. fyrir lifrartunnu. Með því að það er eigi sannað, að stefndi hafi getað fengið sjómenn á skip áfrýjanda fyrir minna kaup, og þetta kaup hásetanna auk þess þykir ekki óeðlilega hátt, samanborið við kaup háseta á hinum íslenzku botnvörpuskipum á umræddu tímabili, verður stefndi eigi dæmdur til að greiða áfrýjanda þær bætur, er ræðir um í þessum tölulið.

Ad 6. Með því að fallast má á álit sjódomsins um að ómakslaun þau, er stefndi hefir reiknað sér, séu ekki óhæfileg, eftir því sem ástóð, verður þessi krafa ekki tekin til greina, enda hafa ekki komið fram í málinu ábyggilegar upplýsingar um ómakslaun þau, er hér í bænum eru tekin fyrir störf lík þeim, er hér er um að ræða.

Samkvæmt framansögðu færist dómsupphæðin niður um kr. 368.31, og ber því að dæma áfrýjanda til að

greiða stefnda kr. 13275.45, og breytist þá vaxtaupp-
hæðin eftir þessu.

Málskostnaður fyrir sjódóminum ákveðst 800 kr. og
málskostnað fyrir hæstarétti greiði áfrýjandi stefnda
með 400 kr.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, K. Meyer, f. h. firmans Deutsche
Dampffischereigesellschaft »Nordsee«, Nordenham,
greiði stefnda, Sigfúsi Blöndahl, kr. 13275.45, 6 %
ársvexti af kr. 41515.90 frá 1. júlí 1925 til 14.
dez. s. á., og 6 % ársvexti af kr. 13275.45 frá
14. dez. 1925 til greiðsludags, svo og 1200 kr.
í málskostnað fyrir sjódómi og hæstarétti.

Hin áfrýjaða kyrsetningargjörð staðfestist.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjóréttinum með stefnu, útgefinni
21. október 1925, af Sigfúsi Blöndahl, aðalkonsúl, í Reykjavík,
gegn K. Meyer, skipstjóra á togaranum »Baden«, f. h. firmans
Deutsche Dampffischereigesellschaft »Nordsee«, Nordenham, til
greiðslu á skuld að upphæð kr. 45718.61 með bankaútlánsvöxtum
frá 18. okt. 1925 til greiðsludags. fyrir útteknar vörur m. m.
handa nokkrum togurum stefnds firma, samkvæmt reikningi.
Ennfremur hefir stefnandi krafist þess, að kyrsetning sú, er fram
fór 18. október 1925 á togaranum Baden, verði staðfest. Loks
hefir stefnandi krafist sér tildæmdan málskostnað að skaðlausu
við kyrsetningargjörðina og mál þetta og nemur hann kr. 1784.56.

Stefndur, sem hefir látið mæta í málinu, hefir hinsvegar
mótmælt því að skulda meira en þær kr. 28240.45, sem hann
greiddi til stefnanda 14. dezember 1925, og hefir hann því
krafist sýkunar af öllum kröfum stefnanda og mótmælt því,
að kyrsetningargjörðin frá 18. október 1925 verði staðfest. Hann
hefir og krafist sér tildæmdan málskostnað.

Tildrög málsins eru þau, að stefnandi hafði hér sem um-

boðsmaður stefnds firma á hendi afgreiðslu nokkurra togara vetrarvertiðina 1925. Annaðist hann alla afgreiðslu togaranna, hafði á hendi útborganir fyrir þá og útvegaði þeim það, sem þeir þöfnuðust. Fékk stefnandi peninga hjá útgerð skipanna við og við, en þó ekki meira en svo, að útgjörðin komst í háa skuld við stefnanda. Skuld stefnds telur stefnandi, samkvæmt rskj. nr. 4, við lok útgjörðartímabilsins kr. 42427.94, auk þess eru á sama rskj. tilfærðir forvextir og stimpilgjald kr. 986.00 og vextir frá 1. júlí til 17 okt. 1925, kr. 1304.67, svo og kostnaður við ferð til Akureyrar kr. 1000.00, og verður þetta samanlagt hin umstefnda upphæð.

Um sumarið fóru bréfaviðskifti fram milli aðilja um málið, en án þess að nokkuð væri greitt eða samkomulag næðist um skuldarupphæðina.

Hinn 18. október 1925 kom einn af togurum hins stefnda firma hingað og fór þá fram kyrsetning á honum eftir kröfu stefnanda. Nokkrum dögum seinna eða 22. okt. s.á. var togarinn leystur úr lögaldi gegn bankatryggingu, að upphæð kr. 53000.00.

Hinn 14. dezember 1925 greiddi umboðsmaður stefnds, hrm. L. Fjeldsted, kr. 28240.45 upp í kröfu stefnanda og lækkaði þá jafnframt dómkrafan og bankatryggingin um þá upphæð, en umboðsmaður stefnanda krafðist þess, að ekki yrði tekið tillit til greiðslu þessarar við mat málskostnaðarins og að kyrsetningin yrði einnig staðfest fyrir þessari upphæð. Umboðsmaður stefnds skýrir svo frá tildrögunum til þessarar greiðslu, að umbjóðandi hans hafi 13. ágúst 1925 sent stefnanda leiðréttingar á reikningnum og samkvæmt þeim hafi hann átt að skulda stefnanda kr. 27874.64, er hann kvaðst reiðubúinn að greiða, en er stefnandi neitar því, vildi hann ekki láta lengur dragast að greiða hina réttmætu upphæð. Segir umboðsmaður hins stefnda firma, að 9. okt. 1925 hafi það beðið banka sinn að yfirfæra til stefnanda isl. kr. 28240.45, er hafi átt að vera til greiðslu reikningsupphæðarinnar, kr. 27874.64 að viðbættum vöxtum til 9. október 1925. En er fréttin um kyrsetninguna hafi borist út, hafi firmað látið stöðva greiðsluna, en síðan farið fram eins og áður getur að tilhlutun umboðsmannsins hér.

Fyrsta mótbára stefnds gegn reikningi stefnanda er fólgin í því, að stefnandi hafi reiknað bæði kol og salt, er keypt var hjá h/f. Sleipnir, hærra verði en áanlegt var hér á staðnum á sama tíma, sem sé 70 kr. smalestin af kolunum — nema

5. febr. 20 smálestir af kolum á 75 kr. í stað 65 kr. og 60 kr. og 58 kr. smálestin af salti í stað 53 kr.

Hvað kolin snertir, þá hafa 2 kolakaupmenn hér í bænum, Sigurður B. Runólfsson og Guðmundur Kristjánsson, borið það fyrir rétti, að þeir hafi á þeim tíma, sem stefnandi lét kolin af hendi handa skipum hins stefnda firma, selt B.S.Y. kol fyrir 65 kr. smálestina, samkvæmt bókum þeirra, og mun þetta verð miðað við sölu gegn greiðslu út í hönd. Fyrnefndur vottorðsgefandi hefir þó skýrt frá því, að hann muni stundum hafa reynt að ná herra verði og síðarnefndur vottorðsgefandi hefir skýrt frá því, að hann selji togurum alls ekki kol. Hinsvegar hefir framkvæmdarstjóri h/f Kol & Salt, Hjalti Jónsson, gefið vottorð, er hann hefir staðfest fyrir rétti, um það, að verð á samskonar kolum þar, hafi á sama tíma verið 70 kr. smálestin. Stefnandi og umboðsmaður hans hafa neitað því að hafa ofreiknað verð kolanna, enda hafi stærzta firmað hér í kola-verzlun, h/f. Kol & Salt, tjáð, að kolaverð þess væri hið sama og stefnandi hefir keypt kolin fyrir hjá h/f. Sleipnir, og sem kemur heim við framburð framkvæmdarstjórans fyrir réttinum.

Rétturinn lítur svo á, að stefnandi verði ekki áfelldur fyrir það, þó hann keypti kolin á 70 kr. smálestina hjá h/f. Sleipnir, sem var hið sama verð og stærzta kolasölufirmað hér, Kol & Salt, sem mest viðskifti hefir við togara um kol, seldi kol fyrir á sama tíma og ætla má, að hafi haft líkasta tegund kola og h/f. Sleipnir, og verður því ekki unnt að taka kröfu stefnds, um niðurfærslu á verði kolanna til greina, nema á þeim 20 smálestum, sem áður getur, sem reiknaðar eru á 75 kr. í stað 70 kr. og nemur sú lækkun 100 kr.

Um lægra verð á salti hér í Reykjavík, en stefnandi hefir tilfært á reikningnum hefir ekki upplýst, og verður því heldur ekki unnt að taka til greina niðurfærslukröfu stefnds á því.

Þá hefir stefndur mótmælt kostnaði við flutning á kolum til skips, að upphæð kr. 40.00 og kr. 47.00 og telur slíkan kostnað innifalinn í verði kolanna. Stefnandi hefir hinsvegar mótmælt því, þar sem hér sé að ræða um afhendingu að nóttu til og kaup þá miklu herra en að deginum, eða alt að helmingi herra. Rétturinn verður nú að líta svo á, að það verði ekki talið óréttmætt af stefnanda að taka þessa aukaborgun fyrir afhendingu kolanna og sem ætla má að hafi verið gjört eftir beiðni skipstjóra til að flýta fyrir afgreiðslu skipanna, og verður þessi lækkunarkrafa stefnds því ekki tekin til greina, enda

verður þóknun sú, sem stefnandi hefir tilfært ekki talin ósanngjörn.

Þá hefur stefndur krafist þess að stefnandi verði látinn sæta ábyrgð fyrir það, að hann dróg ekki kr. 1117.92 (rétt kr. 1177.92) frá kaupum íslenzku hásetanna á »Neckar«, sem þeir höfðu fengið greitt í Þýskalandi. Kveðst stefndur hafa tilkynnt stefnanda greiðsluna með bréfi, dags. 2. maí 1925, er hefði átt að geta verið komið hingað 17. s.m., en afskráð hafi verið 22. s.m. Stefnandi hefir ekki viljað viðurkenna, að þetta sé réttmætt og skorað á stefndan að leggja fram reikningana, er muni sýna hið rétta, en þetta hefir stefndur ekki gjört. Rétturinn verður nú að lita svo á eftir því, sem fram er komið í málinu, að ekki sé nægilega upplýst að tilkynning um þetta hafi verið komin svo tímanlega til stefnanda, að hann hafi getað fært upphæðir þessar til frádráttar kaupum hásetanna og getur þessi niðurfærslukrafa stefnds því heldur ekki orðið tekin til greina til frádráttar, enda hefði stefndum átt að vera í lófa lagið að tilkynna stefnanda fyr um greiðslurnar, að minsta kosti nokkurn hluta þeirra, og virðist því nokkuð telt á fremsta hlunn hjá stefndum að tilkynna þetta aðeins bréflega með svo stuttum fyrirvara. Geta má þess og, að ekki hefur komið neitt fram um það, að greiðslur þessar hafi verið færðar inn í viðskiftabækur hásetanna eins og vera bar, eða að skipstjórinn hafi haft eða látið stefnanda í té skrá um úttekt skipverjanna í Þýskalandi.

Þá hefir stefndur haldið því fram, að Jóni Stefánssyni hafi verið ofborgaðar kr. 113.06 og Sigvalda Þorkelssyni kr. 140.67. Stefnur hefir viðurkennt, að menn þessir hafi fengið ofgreitt kaup, sem þessu nam, en upphæðirnar hafi aftur verið látnar koma til frádráttar lifrarhlut þeirra, sem fyrst hafi verið hægt að gera upp eftir á, og hefir stefnandi skorað á stefndan að leggja fram frumreikninga, er sýni þetta, en ekki hefir stefndur orðið við því.

Rétturinn verður nú að lita svo á, að þar sem stefnandi hefir ekki upplýst, að upphæðir þessar, sem hann hefir viðurkennt að hafa ofborgað, hafi verið endurgreiddar, þá verði að taka þessa kröfu stefnds, samtals að upphæð kr. 253.73, til greina.

Þá hefir stefndur haldið því fram, að íslenzku hásetunum hafi verið ofreiknuð lifur, þeir hefðu átt að hafa helming lifrar á móti þjóðverjunum, en lifrinni hafði verið skift upp á milli íslenzku hásetanna aðeins. Beri því að draga helming lifrarverðsins frá kröfu stefnanda. Stefnandi hefir aftur á móti

haldið því fram, að ekki hefði verið unnt að fá íslenzka háseta á skipin með betri kjörum en þetta og hafi meira að segja verið fullerfitt að halda í þá þangað til togararnir komu hingað, upp á þessi kjör, þar sem þeir hefðu komið nokkru seinna, en ráð hafði verið gjört fyrir. Þegar nú á það er litið, að togarar þessir lögðu ekki upp afla sinn hér, heldur sigldu með hann til Þýzkalands, þá er það ofur eðlilegt að íslenzkir hásetar á þessum skipum gengju ekki að sömu skiftingu á lifur og á íslenzku togurunum. Og þar sem ekki hefir verið upplýst fyrir réttinum, að ráðningakjör þeirra hafi að öðru leyti verið frábrugðin ráðningakjörum á togara hér, né heldur, að hásetarnir hafi ekki í raun og veru verið ráðnir með þeim kjörum, sem stefnandi hefir haldið fram, þá er ekki unnt að taka þessa frádráttarkröfu stefnds til greina.

Þá hefir stefndur haldið því fram, að stefnandi hafi ofreiknað sér umboðslaun af togurunum »Neckar«, »Braunschweig« og »Saale« um upphæð, er nemur kr. 1042.07. Hefir stefnandi reiknað sér 500 kr. í umboðslaun af fyrstnefndu skipi og 1000 kr. fyrir hvort hinna síðartöldu, en stefndur telur þar eiga að vera kr. 1457.93 eða 2½% af viðskiftaupphæðinni. Þessu hefir stefnandi mótmælt og haldið því fram, að í Englandi t.d. séu umboðslaunin alltaf reiknuð 5%.

Rétturinn verður nú að líta svo á, eftir því, sem fram er komið í málinu, að þóknun sú, sem stefnandi hefir reiknað sér, hafi ekki verið um of eins og á stóð, því vitanlega leiðir af slíkri umboðsmennsku, sem hér var um að ræða, mikið starf auk margvíslegrar ábyrgðar og jafnvel fjárútlát úr eigin vasa. Þessi frádráttarkrafa stefnds verður því heldur ekki tekin til greina.

Þá hefir stefndur einnig mótmælt umboðslaunum af 12 togurum frá sama firma, samtals að upphæð kr. 818.50. En þar sem því er haldið fram í málinu, að þetta sé konsúlsgjöld, er runnið hafi til konsúlatsins, þá verður ekki unnt, eins og málið liggur fyrir, að taka þessa kröfu til greina.

Þá hefir stefndur krafizt þess, að andvirði 19 fiskikarfa á 10 kr. hver, er stefnandi hafi keypt af honum, komi og til frádráttar og verður sú krafa, að upphæð kr. 190.00, að takast til greina gegn ekki eindregnari mótmælum stefnanda á skuldinni.

Stefndur hefir einnig mótmælt 1000 kr., sem tilfærðar eru í reikningnum fyrir ferð stefnanda til Akureyrar, til þess að hitta þar framkvæmdarstjóra hins stefnda firma. Og með því að

ekki er upplýst í málinu, að stefnandi hafi farið ferð þessa eftir beiðni stefnds, eða umboðsmanns hans, þá verður að taka þessa frádráttarkröfu stefnds til greina.

Þá hefir stefndur mótmælt forvöxtum og stimpilgjaldi, að upphæð kr. 986.00 og 8 % vöxtum frá $\frac{1}{7}$ til $\frac{17}{10}$ 1925, að upphæð kr. 1304.67. Stefnandi hefir viðurkennt, að kr. 835.00 af fyrgreindri upphæð eigi að falla niður.

Rétturinn verður nú að líta svo á, að taka verði þessa frádráttarkröfu stefnds, að upphæð kr. 986.00 og kr. 1304.67, samtals kr. 2290.67 til greina, enda bera bankanótur þær, sem fram hafa verið lagðar í málinu ekki með sér, að víxlar þeir, sem þar eru tilfærðir hafi verið seldir bankanum vegna þessara viðskifta. Hinsvegar telur rétturinn, að ekki verði hjá því komizt, að stefnanda verði tildæmdir 6 % vextir af inneign hans hjá stefndum frá 1. júlí 1925 að telja til greiðsludags.

Eftir þessu lækka dómkröfur stefnanda um kr. 100.00 plus kr. 113.06 plus kr. 140.67 plus kr. 190.00 plus kr. 1000.00 plus kr. 986.00 plus kr. 1304.67, eða samtals um kr. 3834.40 og verða samkvæmt því kr. 41884.21 ÷ kr. 28240.45 = kr. 13643.76.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að ákveða, að stefndur greiði stefnanda kr. 1200,00 í málskostnað.

Kyrsetningargjörð sú, er fram fór 18. okt. 1925 í skipinu „Baden“, staðfestist.

Dráttur sá, er orðið hefir á dómsuppsögn í málinu, statar af önnum sjóðómsformannsins, enda málið umfangsmikið og þurfti fyrst að ganga í milli dómendanna til athugunar og yfirlesturs.

Föstudaginn 14. júní 1229.

Nr. 55/1928.

Valdstjórnin (Pétur Magnússon)

gegn

Martin Woldmann (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 4. júní 1928: Kærði, Martin Woldmann, á að greiða innan fjöggra vikna 12500.00 kr. sekt í Landhelgisjórð Íslands, en afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi, faist hún ekki greidd.